



Forsætisnefnd

Reykjavík, 1. febrúar 2025

MSS24080099

PLP/hbl

Erindi varaborgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands vegna fundar umhverfis- og skipulagsráðs 21. ágúst 2024.

Þann 21. ágúst sl. barst forseta borgarstjórnar f.h. forsætisnefndar erindi Ástu Þórdísar Skjalddal, varaborgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands þar sem fram komu athugasemdir vegna framgöngu Hjálmars Sveinssonar, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs sama dag. Í erindinu kemur fram að á fundinum hafi verið veist að borgarfulltrúa Flokks fólksins með ómaklegum athugasemdum og að með orðum sínum hafi borgarfulltrúinn brotið nr. 2, nr. 6 og nr. 9 í siðareglum kjörinna fulltrúa.

Erindið var lagt fram á fundi forsætisnefndar 30. ágúst sl. og vísað til meðferðar forseta borgarstjórnar í samræmi við ákvæði 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þar sem fram kemur m.a. að það sé hlutverk nefndarinnar að fjalla um málefni kjörinna fulltrúa. Áður en fundur forsætisnefndar var haldinn hafði erindið þó borist fjölmiðlum sem höfðu fjallað nokkuð ítarlega um efni þess og tekið viðtöl við málsaðila.

Undirrituð tók erindið til skoðunar og kynnti sér m.a. það sem fram hafði komið í umfjöllun fjölmiðla og viðtölum. Í framhaldinu var ákveðið að halda fundi með málsaðilum. Ákveðið var að boða til þriggja funda í því skyni að varpa frekari ljósi á þau samskipti sem áttu sér stað á umræddum fundi umhverfis- og skipulagsráðs og taka ákvörðun í framhaldinu um frekari vinnslu, þá hvort taka þyrfti fleiri viðtöl og/eða kalla til faglegan ráðgjafa.

Undirrituð ásamt skrifstofustjóra borgarstjórnar fundaði í Ráðhúsinu með Hjálmari Sveinssyni, borgarfulltrúa þann 2. október sl. og Ástu Þórdísi Skjalddal, varaborgarfulltrúa þann 15. nóvember sl. Á fundunum var farið yfir málavexti og fulltrúarnir fengu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að auk þess sem þau voru inn eftir því hvaða meðferð þau töldu eðlilegt að erindið fengi í framhaldinu. Forseti borgarstjórnar fundaði einnig þann 3. desember sl. með Kolbrúnu Áslaugar Baldursdóttur og Helgu Þórðardóttur, borgarfulltrúum undir sömu formerkjum. Í öllum tilvikum var um að ræða trúnaðarsamtöl sem áttu það sammerkt að enginn þeirra aðila sem rætt var við taldi ástæðu til að hefja formlega rannsókn á atvikinu.

Undirrituð telur því ekki nauðsynlegt að taka viðtöl við fleiri aðila vegna málsins og hefur því komist að þeirri niðurstöðu að mæla með því við forsætisnefnd að málinu verði lokað.

Virðingarfyllst,
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,
forseti borgarstjórnar



Reykjavík

